



## Heilsugæslu í héraði – klínísk lína

### Skýrsla - Samantekt á reynslu eftir fyrsta árið, 2015 - 2016

#### Inngangur:

Þann 11. Júní, 2016 útskrifuðust 5 hjúkrunarfræðingar með diplómagráðu í klínískri heilsugæsluhjúkrun frá Háskólanum á Akureyri. Heilbrigðisráðherra, Kristján Þór Júlíusson, úthlutaði Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins (HH) fjármagni árið 2015 til að koma á fjórum 80% sérnemastöðum fyrir hjúkrunarfræðinga til framhaldsnáms í heilsugæslu. Stjórnendur HH bættu einni stöðu við til viðbótar og fimm nemar voru ráðnir í 80% launaðar sérnámsstöður í heilsugæsluhjúkrun til eins árs. Einnig gerðu HA og HH með sér samkomulag um að HH greiddi fyrir 10 eininga námskeiðið Heilsugæsla og heilsuefling (HGE0110) haustið 2015.

Hér var stigið mikilvægt skref í sameiginlegu markmiði HA sem menntastofunnar og HH sem helbrigðisstofnunar í að koma upp nýju sérnámi fyrir heilsugæsluhjúkrunarfræðinga.

#### Markmið með náminu:

Lögð er áhersla á að sérnámshjúkrunarfræðingarnir öðlist dýpri þekkingu og sérhæfingu í viðfangsefnum heilsugæsluhjúkrunar á svíði heilsugæslu í íslensku og alþjóðlegu samhengi. Tilgangurinn er að efla færni sérnámshjúkrunarfræðinga í að vinna að þróun og framgangi heilsugæslunnar sem og að hafa áhrif innan samfélags- og menntageirans. Sérstök áhersla er lögð þróun og styrkingu sérnámshjúkrunarfræðings sem sjálfstæðs meðferðaraðila í þverfaglegu samstarfi.

#### Skipulag:

Fjögur ný námskeið við HA voru skipulögð og þróuð fyrir námið. Þau eru: Klínísk heilsugæsla I og II (samtals 25 einingar) og Heilsugæsla og heilsuefling (HGE0110) og valnámskeiðið: Bráðaþjónusta (BRþ0110) en auk þeirra taka nemendur önnur námskeið sem þegar voru í boði í Framhaldsnáminu.

Skipulag námsins er þannig að sérnámshjúkrunarfræðingarnir eru í námi á annarri stöð en þeirri sem þeir hafa unnið á. Hver og einn nemandi hefur sérstakan lærlimeistara, en hann er hjúkrunarfræðingur með MS gráðu og a.m.k. fimm ára starfsreynslu innan Heilsugæslunnar. Klínísk heilsugæsla I og II var kennd í Reykjavík en aðkoma SSJ var umsjón og akademísk ábyrgð á þeim námskeiðum en fjöldi sérfræðinga kom að kennslu innan þess (sjá viðhengi nr 1).

Sérnámshjúkrunarfræðingarnir sóttu námskeiðið Heilsugæsla og heilsuefling í staðarlotur í HA og sitja það námskeið ásamt öðrum nemendum sem skráðir eru í Heilsugæslu í héraði – fræðilegt nám. (Sjá skiptingu námslínanna tveggja í viðhengi nr 2 ).

## Nemendur og árangur:

Allir fimm hjúkrunarfræðingarnir sem útskrifuðust úr diplómanáminu hafa nú skráð sig í meistaránám við HA. Áhersla hefur verið lögð á að verkefnin sem unnin eru í náminu séu klínísk og hagnýt auk þess sem þau uppfylli akademískar kröfу HA.

## Lokaverkefni á áherslusviði:

- Alma María Rögnvaldsdóttir: Endurskoðun vinnureglна vegna skimunar með Edinborgarþunglyndiskvarðanum (EPDS)
- Anna Ólafsdóttir: Meðferð einstaklinga með vefjagigt í heilsugæslu
- Kristín Guðný Sæmundsdóttir: Mat á heilsutengdum lífsgæðum: klínísk notkun staðlaðra mælitækja í heilsugæslu
- Ósk Guðmundsdóttir: Ottawa-gátlisti, Mat skólahjúkrunarfræðinga á ökkla- og fótaáverkum hjá grunnskólabörnum
- Þorgerður Einarsdóttir: Efling þjónustu heilsugæslu við skjólstæðinga með háþrýsting

Of snemmt er að meta hlutlæg áhrif námsins á þróun og gæði hjúkrunar innan heilsugæslunnar en þó má greina vísbendingar í þá átt. Í fyrsta lagi hafði það jákvæð áhrif, bæði á nemendur og heilsugæslustöðvar að sérnámshjúkrunarfræðingarnir fóru allir á nýja stöð. Það hafði í för með sér miklar umræður um mismunandi starfshætti og tækifæri innan hjúkrunar á heilsugæslustöðvunum. Í öðru lagi kom í ljós í viðtolum við nemendur sem munu hefja nám nk. haust að áhugahvöt þeirra má rekja til þess að þeir höfðu fylgst með nemendum sem voru í náminu sl. veturnum.

## Framhald námsins:

Fyrir árið 2016 hefur Heilbrigðisráðherra úthlutað 8 námsstöðum til viðbótar, tveimur við Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN), einni við Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA), einni við Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) og fjórum við HH auk þess sem stjórnendur HH fíarmagna tvær stöðum til viðbótar. Búið er að ráða í allar 10 stöðurnar og munu þessir hjúkrunarfræðingar hefja nám við heilsugæslustöðvar 1. ágúst og bóklegt nám við HA í byrjun haustannar.

Klínísk kennsla sérnámshjúkrunarfræðinganna fer fram að mestu í heimabyggð en auk þess verða skipulagðar lotur í Reykjavík, á haustönninni tengd heilsuvernd og líkamsmat heilsugæslunnar en á vorönninni tengd langvinnum veikindum og klínískri lyfjafræði. Tvær lotur að hausti og tvær að vori. Umræðutímar munu fara fram í gegnum Skype en að öður leiti verður skipulag mjög áþekkt því og var síðastliðinn vetur (sjá viðhengi: Yfirlit yfir klínísku námskeiðin).

## Tillögur til enn frekari styrkingar á náminu næsta veturn:

- 1) Koma á ráðgefandi hópi frá Heilbrigðisstofnunum innan heilsugæslu landsins, til stuðnings við áframhaldandi þróun námsins með það að markmiði að akademíská námið styðji við þarfir og þróun starfsfólks innan heilbrigðisstofnanna.
- 2) Efla og styrkja nemendur enn frekar sem sjálfstæða meðferðaraðila í teymisvinnu.

- 3) Skerpa á skil á milli tveggja skyldunámskeiða við framhaldsnáms línumnar, þ.e. Heilsugæsla og heilsuefling (HGE0110) og námskeiðsins: Heilbrigði og heilbrigðisþjónusta: Staða stefnur og straumar (HHS0105).
- 4) Huga þarf að skýrari skilgreiningu á vinnuframlagi umsjónarkennara á vegum HA. Síðastlin vetur fékk umsjónakennari greitt persónulega fyrir umsjón og kennslu frá HH og taldist kennslan því ekki til kennsluskyldu eða umsjónar innan HA.

Akureyri og Reykjavík, 13. júní, 2016



Sigríður Síða Jónsdóttir, lektor HA  
Brautarstjóri námslínunnar: heilsugæsla í héraði  
Háskólanum á Akureyri



Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir,  
sérfræðikennari og Kennslustjóri  
Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins

Viðhengi:

- 1) Skýrsla yfir klínísku námskeiðin veturinn 2015 -2016
- 2) Skipting námslínanna tveggja, Heilsugæslu í héraði – fræðilegt nám og klínískt nám.
- 3) Yfirlit yfir námskeiðið: heilsugæsla og heilsuefling (HGE0110)